

Í Ölduselsskóla hefur verið unnið eftir Uppbyggingastefnunni frá árinu 2017. Uppbygging kemur úr smiðju Diane Gossin og rekur uppruna sinn til Kanada. Stefnan leggur skólum til leiðir til þess að vinna með og þjálfra góð samskipti. Börn eru í eðli sínu góð og vilja haga sér vel. Hins vegar hafa þau ekki forsendur til meta hvaða áhrif hegðun þeirra getur haft á aðra. Lögð er áhersla á að nemendur læri **sjálfstjórn** og að bera **ábyrgð** á eigin orðum og gerðum. Nemendur læra að það sé í lagi og eðlilegt að gera mistök. Allir þurfa þó að fá tækifæri til að leiðrétta mistök sín og læra af þeim.

Sjö gundvallaratriði varðandi kennslu í sjálfsaga

1. Allir gera mistök
2. Við vitum þegar við gerum rangt
3. Skammir og gagnrýni ýta undir að fólk fari í varnarstöðu
4. Fólk getur lært betri leiðir
5. Þegar börn fá að vaxa af því að bæta fyrir mistök sín reyna þau ekki að ljúga eða fela mistökin.
6. Að læra sjálfsaga er skapandi ferli
7. Þeir sem fá að byggja sig upp og bæta fyrir verða umburðarlyndari gagnvart öðrum.

Uppbyggingarstefnan miðar að því að finna leiðir til lausnar á ágreiningsmálum, að við stjórnunumst af innri hvötum frekar en ytri, að skoða **hvernig manneskjur við viljum vera** og hvað við þurfum að gera til að verða sú manneskja. Áhersla er lögð á öryggi og jákvætt andrúmsloft þar sem ásakanir og tuð skila okkur ekki árangri.

Grunnþarfirnar eru undirstöðupáttur í uppbyggingu. Það að þekkja þarfir sínar er grundvöllur þess að maður skilji hegðun sína og geti breytt henni til betri vegar.

Tilheyrta



Jákvætt

ást, samkennd
vinátta, nánd
hjálpsemi,
vera viðkenndur,
tilheyrta hópi

Neikvætt

vináttukaup,
áhrifagirni,
meðvirkni,
öfund,
smjaður

Áhrif



Jákvætt

metnaður,
skipulag, sjálfsagi,
frumkvæði,
sjálfsöryggi,
samviskusemi,
vera best(ur)

Neikvætt

frekja, mont,
fýlustjórn,
þrjóska, átröskun

Frelsi



Jákvætt

frumleiki,
sveigjanleiki,
sköpun, sjálfstæði,
forvitni,
opið viðmót

Neikvætt

skröp, kæruleysi,
óstundvísni,
tillitsleysi

Gleði



Jákvætt


jákvæðni,
skopskyn,
þakklæti, kæti,
námsgleði

Neikvætt

uppgjöf, stríðni,
áreitni, háð,
fíflangangur, læti,
vera fyndin(n) á
kostnað annarra

Öll hegðun stafar af því að við erum að reyna að mæta einhverri af þörfunum. Þær eru missterkar hjá fólki, sem m.a. gerir það að verkum að við erum ólík. Nemendum er kennt að þekkja grunnþarfir sínar: **öryggi**, **umhyggju**, **frelsi**, **gleði** og að hafa **áhrif**. Þeir læra hvernig hægt er að uppfylla þarfirnar á jákvæðan hátt án þess að troða á þörfum annarra.

Þörfin fyrir **öryggi** er mikilvægust ef ójafnvægi er á þörfinni þá líður viðkomandi illa og erfitt er að ná árangri í vinnu og samskiptum. Öryggisþörfin er táknuð með húsi og í henni felst meðal annars; húsnæði, fæði, heilsa, svefn, kynvitund, hreyfing og afkoma. Ef að foreldrar eða aðrir í nánnum geðtengslum við barnið eru í ójafnvægi hefur það undantekninga lítið vond áhrif á líðan barna. Öryggisþörfinni er aðallega sinnt heima en skólinn leggur mikla áherslu á að skapa öryggi hjá nemendum og starfsfólki.



Í Ölduselsskóla vinna nemendur og kennarar aðallega með eftir farandi verkfæri;

Mitt og þitt hlutverk, bekkjarsáttmála, stutt inngrip auk þess að læra um grunnþarfirnar fimm.

Nemendur á yngsta stigi vinna með litahegðun. (Hægt er að fræðst um þessi verkfæri í tenglum hér á síðunni)

Til þess að allir séu öruggir og líði vel setur skólinn sér skýr mörk. Skýr mörk eru skýr viðmið varðandi óásættanlega hegðun. (Sjá hegðun - agaferlar)